

34	63. Kristín Tómasdóttir frá Saurbø . . . (Eptirl. m. m. 1880: 100 kr.) Nú veitt: » kr.
14. febr.	64. Valgerður Þorsteinsdóttir frá Lundarbrekku (— — — 55 —) — — 25 —
	65. Kristjana Pálsdóttir frá Helgastöðum . . . (— — — 151 —) — — 20 —
	66. Guðrún Sigurðardóttir frá Tjörn . . . (— — — 170 —) — — 50 —
	67. Málmfríður Jónsdóttir frá Upsum . . . (— — — 100 —) — — 70 —
	68. Helga Kristjánsdóttir frá Grenjaðarstað . . . (— — — 254 —) — — » —
	69. Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddsstað . . . (— — — 50 —) — — » —
	70. Guðrún Jónsdóttir frá Höfða (— — — 70 —) — — 50 —
	71. Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík . . . (— — — 20 —) — — 20 —
	72. Guðrún Stefánsdóttir frá Hólum . . . (— — — 32 —) — — 32 —
	73. Krístrún Jónsdóttir frá Hólum . . . (— — — » —) — — » —

Af uppgjafaprestunum var hinn elzti 86 ára gamall, 4 aðrir komnir yfir áttætt, 6 yfir sjöugt, 3 yfir sextugt, einn 52 ára, annar 46 ára.

Af prestaekkjunum var hin elzta 89 ára, 7 aðrar yfir áttætt, 17 yfir sjöugt, 18 yfir sextugt, hinar yngri (ein 26 ára).

35 — Brjef landshöfðingja til biskups um skilning á 5. grein laga um skipun prestakalla. — Í brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer, herra biskup, talið það sjálfsgagt, að þau brauð, sem tillag er ætlað í lögum frá 27 febrúar f. á. um skipun prestakalla og veitt hafa verið eptir að lögin öðluðust staðfestingu konungs, hafi eptir 5. gr. laganna rjett til hins ákveðna tillags frá næstkomandi fardögum, og að tillag til slíkra brauða eigi ekki að takast af þeim 7000 kr., sem í 12. gr. fjárl. Á. b. l. eru ætlaðar til bráðabirgða uppþótar fátökum brauðum. En með því að yður hefir þótt vissara að leita úrskurðar landshöfðingja um þetta, áður en þjer komið fram með tillögur um úthlutun þessara 7000 kr. fyrir þ. á., hafið þjer óskað vísbendingar minnar um, hvort þjer í tillögum yðar eigið að ganga fram hjá öllum þeim brauðum, er þannig sje ástatt með, og hvort að öðru leyti eigi beri að útbýta fje þessu til þeirra fátöku brauða sem eptir ástæðum sýnist í þetta sinn helst eiga að fá uppþót.

Útaf þessu vil jeg tjá yður herra biskup, að jeg í alla staði fellst á þenna skilning yðar bæði á 5. gr. laga 24. febrúar f. á. og á 12. gr. Á. b. l. fjárlaganna.

36 — Brjef landshöfðingja til biskups um bráðabirgðauppþót á fátökum prestaköllum. — Eptir að hafa meðtekið tillögur yðar, herra biskups um skiptingu á þeim 7000 kr., sem með 12. gr. Á. b. l. fjárlaganna eru veittar til bráðabirgða uppþóta fátökum prestaköllum á árinu 1881 hefi jeg skipt þessu fje eins og nú segir:

1. Skeggastaðir í Norðurmúla prófastsdæmi 100 kr.
2. Desjarmýri 100 —
3. Stöð í Suðurmúla prófastsdæmi 200 —
4. Kálfafellsstaður í Austurskaftafellsprófastsdæmi . . . 200 —
5. Sandfell 400 —
6. Reynisþing í Vesturskaftafells prófastsdæmi 200 —
7. Stóruvellir í Rangárvalla prófastsdæmi 100 —
8. Holtaping í Rángárvalla prófastsdæmi 100 —